

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 4. mars 2008 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Nes listamiðstöð ehf.

Fyrir fundinum lágu ýmis gögn varðandi stofnun Nes listamiðstöðvar ehf. Meðal annars var tölvubréf forstjóra Byggðastofnunar sem lýsir því að stjórn stofnunarinnar hafi samþykkt sölu á fasteigninni Fjörubraut 8 til listamiðstöðvarinnar og að leggja hana fram sem hlutafé í félaginu með því skilyrði að annað inngreitt hlutafé verði að lágmarki 7 mkr. Þannig að heildarhlutafé verði 12 mkr. Einnig lá fyrir fundinum minnisblað sveitarstjóra þar sem tekin eru saman helstu atrið sem varða stofnun félags um listamiðstöð svo og drög að samþykktum og stofnsamningi. Í minnisblaði er lagt til að sveitarfélagið leggi 7 mkr. hlutafé fram í Nes listamiðstöð. Þá lá fyrir fundinum rekstraáætlun fyrir listamiðstöðina sem unnin er af Sigurði Sigurðarsyni verkefnisstjóra.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að leggja 7 milljónir króna í hlutafé í Nes listamiðstöð ehf og samþykkt að boða til stofnfundar næstu daga í samráði við Byggðastofnun. Sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

2. Aukaársþing SSNV.

Fyrir fundinum lá fundarboð á aukaársþing SSNV þar sem tekin verður afstaða til niðurstaðna nefndar um framtíðarskipan SSNV og skýrslu sem Björg Ágústsdóttir hjá Alta hefur unnið fyrir nefndina. Skýrslan hafði verið send sveitarstjórn í rafpósti. Oddviti gerði grein fyrir helstu niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni. Umræður urðu um niðurstöðurnar og áhrif hugsanlegra breytinga á samstarf innan SSNV.

3. Tillaga að endurnýjun samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Skagaströnd.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykktum um meðhöndlun úrgangs á Skagaströnd. Samþykktunum er ætlað að taka við af samþykkt um sorphreinsun í Höfðahreppi frá 1974. Umræður urðu um samþykktirnar og gerðar nokkrar breytingar. Sveitarstjóra falið að ganga frá samþykktunum með áorðnum breytingum.

4. Tillaga að breytingu á samþykkt um gatnagerðagjald.

Fyrir fundinum lágu drög að samþykkt um gatnagerðagjald í þéttbýli Sveitarfélagsins Skagastrandar. Með samþykktinni er gert ráð fyrir að útreikningur gatnagerðagjalds breytist þannig að gengið er út frá fermetra í húsnaði sem grunneinigu til útreiknings gjaldsins í stað rúmmetra í eldri gjaldskám. Samþykktin tekur mið af 12. gr. laga um gatnagerðagjald nr. 153/2006. Tillagan var samþykkt.

5. Bréf:

a) H-59 ehf, dags. 14. febrúar 2008.

Með bréfinu er gerð grein fyrir leigu fyrir húsnæði fyrir muni Sjóminja- og munasafn. Bréfið var til kynningar.

b) KSNV, dags. 26. febrúar 2008.

Með bréfinu beinir formaður KSNV því til sveitarstjórnar að hækka laun kennara með aukagreiðslum og renni með því móti styrkari stoðum undir faglegt starf í skólunum. Bréfið var til kynningar.

c) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 6. febrúar 2008.

Með bréfinu er boðað til XXII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 4. apríl nk. Bréfið var til kynningar.

d) Landsskrifstofu Staðardagskrár 21, dags. 25. febrúar 2008.

Með bréfinu er vakin athygli á að landsbyggðasveitarfélög með innan við 1000 íbúa hafi aðgang að ráðgjöf innan ramma „Fámennisverkefni“ eftir að ákvörðun var tekin um að hækka mörkin úr 800 í 1000 íbúa. Jafnframt eru sveitarfélög hvött til að nýta sér þjónustuna. Samþykkt að óska eftir kynningarfundi um málið í tengslum við gerð aðalskipulags.

e) Valdimars Guðmannssonar, dags. 11. febrúar 2008.

Með bréfinu gerir Valdimar athugasemdir við að Ámundakinn ehf hafi ekki boðið út þau byggingarverkefni sem félagið hefur staðið að. Bréfið var til kynningar fyrir stofnfélögum Ámundakinnar ehf.

6. Fundargerðir

a) Vinnufundar vegna aðalskipulags sveitarfélagsins, 20.02.2008.
Fundargerðin var samþykkt.

b) Stjórnar SSNV, 12.02.2008.
Fundargerðin var til kynningar

c) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22.02.2008.
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

a) Umræða var tekin um íbúafund og samþykkt að halda hann í næstu viku.

b) Sveitarstjóra falið að láta auglýsa kaffi- og menningarhúsið Bjarmanes til leigu.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- c) Til umræðu var tekið hvernig útkalli sjúkrabíla sé háttað. Svohljóðandi bókun var samþykkt:
Sveitarstjórn Skagastrandar gerir alvarlegar athugasemdir við verklag neyðarþjónustu þegar kallað er eftir sjúkrabifreið á Skagaströnd. Nýlegt dæmi sýnir að núverandi fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála er óásættanlegt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11⁴⁰

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)